



Greinargerð B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2019

Lagt fram í borgarráði
29. ágúst 2019

Efnisyfirlit

B-hluti	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	6
Orkuveita Reykjavíkur	10
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	16
SORPA bs	20
Strætó bs	24
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	28

B-hluti


Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjörs Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir


Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2019_06	Áætlun 2019	Breyting	%	Raun 2018_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.964	1.891	73	3,9%	1.791	172	9,6%
Rekstrargjöld	-1.538	-1.702	163	-9,6%	-1.449	-89	6,2%
EBITDA	810	574	236	41,1%	752	58	7,7%
EBIT	425	189	236	124,7%	342	83	24,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-11	2	-13		-10	-2	16,1%
Óreglulegir liðir (tekjur)	3	0	3		504	-501	-99,4%
Rekstrarniðurstaða	417	191	226	118,1%	837	-420	-50,2%

Rekstrarniðurstaða fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2019 nam 417 m.kr. sem eru 226 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var rekstrarhagnaður 837 m.kr. fyrir sama tíma árið 2018 en þar af var söluhagnaður vegna sölu eigna 500 m.kr.



Rekstrartekjur námu 1.963,7 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.890,7 m.kr. Fyrir sama tímabil 2018 voru tekjur 1.791,5 m.kr. og hafa því hækkað um 9,6% á milli ára. Tekjur ársins gætu orðið eitthvað hærrí en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld eru í samræmi við áætlun, en aflagjöld gætu orðið lægri en áætlun gerir ráð fyrir. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu gætu orðið yfir áætlun þar sem aukning er í brúttótonnum skipa sem koma til hafnar.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2019_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2018_06	Mism.	%
Vörugjöld	713	691	22	3,2%	668	45	6,7%
Aflagjöld	63	60	3	5,0%	63	0	0,0%
Skipagjöld	250	251	-1	-0,4%	213	37	17,4%
Eignatekjur	481	466	-172	-36,9%	413	9	3,2%
Hafnarþjónusta	294	271	-108	-39,9%	285	14	9,4%
Siglingavernd	163	152	-149	-98,0%	149	-501	-99,4%
Aðrar tekjur	3	0	3		504	-501	-99,4%
	1.967	1.891	-402	-21,3%	2.295	-328	-14,3%



Tekjur af vörugjöldum (m.kr.)	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Tekjur af vörugjöldum	488	595	636	668	713
Hlutfall af heildartekjum	34,2%	38,0%	37,4%	37,3%	36,3%


Þróun flutninga	2018_06	2019_06	Landaður heildarafli	2018_06	2019_06
Innflutningur	1,3 m.tonn	1,3 m.tonn	Reykjavík	49.967t.	44.285 t.
Útflutningur	473 þús. tonn	460 þús. tonn	Akranes	15.275 t.	1.749 t.
Annar flutningur	83 þús. tonn	144 þús. tonn	Alls	65.242 t.	46.034 t.

Að svo stöddu er of snemmt að spá um þróun vöruflutninga til og frá landinu, en fyrstu sex mánuði ársins eru tekjur af vörugjöldum í samræmi við áætlun. Því verður að sjá til hvernig tekjur skila sér seinni hluta ársins, ætla má að niðurstaðan verði jákvæð.

Rekstrargjöld námu 1.538,5 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.701,5 m.kr. Fyrir sama tímabil árið 2018 voru þau 1.449,1 m.kr. þannig að þau hækka um 6,1% á milli ára. Hækkun útgjalda skýrist ekki eingöngu af verðlagi heldur

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2019_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2018_06	Mism.	%
Hafnavirki	295	364	-69	-19,0%	287	8	2,8%
Eignagjöld	242	315	-73	-23,2%	200	42	21,0%
Hafnarþjónusta	293	304	-11	-3,6%	287	6	2,1%
Skrifstofu- og stjórnunark.	205	199	6	3,0%	176	29	16,5%
Siglingavernd	118	134	-16	-11,9%	89	29	32,6%
Afskriftir	385	385	0	0,0%	410	-25	-6,1%
	1.538	1.701	-163	-10%	1.449	89	6,1%

einnig sérgreindum viðhalds verkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Reiknað er með að rekstrargjöld verði almennt í samræmi við áætlun.



Fjöldi stöðugilda er óbreyttur frá fyrra ári ef frá er talin aukning um einn starfsmann í bækistöð.


Laun og launatengd gjöld (m.kr.)	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Bækistöð	54	64	59	72	73
Húseignir	10	11	12	12	13
Grundart hafnargæsla	4	17	18	20	22
Hafnsaga	61	65	75	85	88
Hafnarþjónusta	144	158	161	170	196
Hafnarstjórn	8	10	10	10	11
Skrifstofa	84	94	101	101	111
Samtals:	366	419	436	469	514

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	%
Fastafjármunir	12.930	12.902	28	0,2%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.239	553	686	123,9%
Handbært fé	2.410	2.632	-222	-8,4%
Eignir samtals	16.579	16.088	491	3,1%
Eigið fé	14.450	14.728	-278	-1,9%
Langtímaskuldir	657	646	11	1,7%
Næsta árs afborganir langt. skulda	94	92	2	-85,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.378	621	757	1393,2%
Skuldir samtals	2.129	1.359	770	242,9%
Skuldir og eigið fé samtals	16.579	16.088	491	1119,7%

Greiðsla vegna kaupa á hafnsögubáti frá Damen Shipyards í Hollandi er meðal skammtímakrafna.

Sjóðstreymi



Handbært fé frá rekstri var 884,7 m.kr. **Fjárfestingar** nettó námu 594 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins og ekki annað séð en að fjárfestingaáætlun verði í meginatriðum í takt við fjárhagsáætlun, sem gerir ráð fyrir rúmlega 2,3 ma.kr. til fjárfestinga. Meginframkvæmd ársins er bygging **hafnarbakka við Kleppsbakka** og er það verkefni komið vel af stað og reiknað með verklokum á árinu 2019. Þá er í undirbúningi verkefni við **Ægisgarð** vegna aðstöðu hafnsækinnar ferðaþjónustu, endurnýjun **Aðalhafnargarðs á Akranesi** og unnið að landgerð við **Sævarhöfða**. Landgerð við Sævarhöfða er í samræmi við samning borgar og hafnar um kaupsamning og landskil í Sævarhöfða, en því verkefni lýkur á árinu 2019. **Greiddur var út arður** til eigenda sem nam 694,5 m.kr. Handbært fé er 2.409,7 m.kr. er nánast sama og um áramótin.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir tímabilin janúar-júní 2015-2019:

Faxaflóahafnir	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Eiginfjárlutfall	89,3%	90,4%	90,5%	88,5%	87,2%
Arðsemi eigin fjár	1,4%	3,6%	4,8%	12,6%	5,7%
Veltufjárlutfall	3,60	4,96	3,05	2,82	2,48
Langtímaskuldir/eigið fé	8,1%	7,1%	6,2%	5,2%	4,5%
Uppgreiðslutími	1	1	1	1	0,5
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	33,9%	41,1%	42,6%	41,7%	40,8%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	34,8%	41,2%	42,9%	42,0%	41,3%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Staða á handbæru fé er mjög góð og sama gildir um veltufjárlutfall.
- Kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Vakin er athygli á háu eiginfjár- og veltufjárlutfalli en tiltölulega lágrí arðsemi eigin fjár, sé litið til hagnaðar án óreglulegra liða sem bendir til að fjárbinding í félaginu sé hærri en félagið getur ávaxtað með góðu móti.
- Þess má geta að félagið er vel í stakk búið til að fjármagna hluta fjárfestinga sinna með lántöku í stað handbærs fjár sem myndi skapa aukið rými til útgreiðslu töluverðrar fjárhæðar í arðgreiðslu. Slík aðgerð myndi lækka eiginfjárlutfallið sem telst mjög hátt og minnka fjárbindingu eigenda í félaginu og auka arðsemi eigin fjár.
- Mikilvægt er að móta eigenda-, áhættu- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Árshlutauppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2019_06	Áætlun 2019_06	Breyting	%	Raun 2018_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.116	2.155	-38	-1,8%	1.968	148	7,5%
Rekstrargjöld	-1.049	-1.208	158	-13,1%	-1.089	40	-3,7%
EBIT	1.067	947	120	-14,9%	879	188	3,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-594	-676	82	-12,1%	-594	0	0,1%
Verðbætur	-715	0	-715	n/a	-463	-252	54,4%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	3.386	0	3.386	n/a	1.546	1.840	119,1%
Rekstrarniðurstaða	3.143	271	2.872	1058,6%	1.367	1.776	129,8%


Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestinga-eignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á fyrri helmingi 2019 námu 2.116,4 m.kr. og jukust um 7,5% miðað við sama tímabil árið 2018. Munar þar mestu um vísitölubundna hækkun leigu og stækkun eignasafnsins. Frávik um -1,8% í áætlun rekstrartekna má rekja til þess að ekki varð af áætlaðri hækkun leiguverðs umfram verðlag eins og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir auk þess sem stækkun eignasafnsins var minni en gert var ráð fyrir. Gengið var frá kaupum á 22 íbúðum á tímabilinu en áætlun gerir ráð fyrir 125 nýjum íbúðum árið 2019.

Rekstrargjöld á fyrri helmingi ársins 2019 námu 1.049 og lækka þau um 40 m.kr. eða -3,7% miðað við sama tímabil árið 2018. Rekstrargjöld eru 158 m.kr undir áætlun eða -13,1%. Fasteignagjöld eru 7,3 m.kr. yfir áætlun en vatns- og fráveitugjöld eru 3,6 m.kr. lægri en áætlun. Launakostnaður 156,7 m.kr eða 1,2 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 50,4% sem er 5,7% hærra en á sama tímabili 2018.



Efnahagur


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	%
Fasta fjármunir	88.739	83.331	5.408	6,5%
Veltufjármunir án handb. fjár	304	347	-43	-12,4%
Handbært fé	409	15	394	2617,6%
Eignir samtals	89.452	83.693	5.759	6,9%
Eigið fé	45.876	42.641	3.235	7,6%
Skuldbindingar	1.272	1.013	259	25,5%
Langtímaskuldir	40.913	37.535	3.379	9,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	676	664	12	1,8%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	714	1.840	-1.126	-61,2%
Skuldir og skuldbindingar samtals	43.576	41.052	2.523	6,1%
Skuldir og eigið fé samtals	89.452	83.693	5.759	6,9%

Heildareignir félagsins námu 89.452 m.kr. þann 30.06.2019 sem er aukning um 6,9% samanborið við árslok 2018. Fjárfestingaeignir jukust um 6,3% eða 5.274 m.kr., fjárfest var fyrir 1.809 m.kr. og matsbreyting nam 3.465 m.kr.


Ný langtímalán námu 3.000 m.kr. á fyrri helmingi ársins en auk þess fékk félagið greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 304 m.kr. Félagið greiddi skammtímaskuld við lánastofnun 959 m.kr.

Eigið fé hækkaði um 3,2 milljarða frá ársbyrjun 2019 sem skýrist af matsbreytingu eigna 3,5 ma.kr., rekstrarniðurstöðu fyrir matsbreytingu -0,3 ma.kr. og hlutfjárfestingu 0,1 ma.kr.. Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 51,3% en var 50,9% í árslok 2018.

Sjóðstreymi




Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár: Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af afborgunum er 1,40 og hefur hækkað frá sama tímabili 2018. Æskilegt er að þetta hlutfall sé að lágmarki 1.



Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fráðregnum seldum rekstrarfjármunum. Á síðustu árum hefur nettó fjárfesting verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og er bilið brúað með lántökum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir tímabilið janúar – júní 2015-2019 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Eiginfjárlutfall	37,9%	45,3%	52,9%	51,9%	51,3%
Arðsemi eigin fjár	13,3%	49,7%	46,8%	6,8%	14,7%
Veltufjárlutfall	0,10	0,10	0,38	0,07	0,51
Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr.vextir)	1,52	1,55	1,54	1,49	1,76
Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir))	0,99	1,00	0,96	0,97	1,14
Uppgreiðslutími	60	58	59	61	46
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	16,0%	17,0%	16,8%	15,3%	22,0%
Framlegð (EBIT) / rekstrartekjur	47,8%	47,6%	47,5%	44,8%	50,6%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á fyrri helmingi 2019 og aukningu eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingaeigna fóru lækkandi milli árunna 2017-2018 en á fyrri helmingi 2019 námu þær 3,4 ma.kr. samanborið við 1,5 ma.kr. í fyrra.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2019 og hins vegar er miðað við 1,55% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til júní 2019. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgi þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafni félagsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga. Hækkunin hins vegar segir lítið um grunnrekstur þess nema ef ábati af hækkun fasteignaverðs yrði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT).

¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í árshlutareikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.


- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 50,4% en áætlun gerði ráð fyrir 44%. Fráviknið má aðallega rekja til þess að rekstrargjöld voru 158 m.kr. (-13,1%) undir áætlun.
- Rekstrargjöld voru 158 m.kr. (-13,1%) undir áætlun sem aðalega má rekja til minni verk- og efniskaupum vegna framkvæmda. Þannig var liðurinn viðhald og framkvæmdir 17,4% af rekstrartekjum á tímabilinu samanborið við 22,6% sama tímabil í fyrra.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var um 9,4 m.kr. (4%) lægri en áætlun. Launakostnaður 1,2 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir. Annar skrifstofukostnaður 11,6 m.kr. yfir áætlun sem rekja má til hærri UT-kostnaðar, sérfræðipjónustu og kostnað við skuldabréfaútgáfu. Framlag í afskriftarreikning var lægra en áætlað sem nemur 19,8 m.kr.
- Vaxtagreiðslur námu 594 m.kr. og eru 81,8 m.kr. undir áætlun sem skýrist af því að lántökur jukust ekki eins og áætlað var að þyrfti í takti við auknar fjárfestingar og vaxtakjör á nýjum lánnum eru talsvert lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir auk þess sem lán ÍLS eru að eldast og hlutfall vaxta og afborgana að breytast þ.a. afborganahluti hækkar og vaxtahluti lækkar.
- Veltufé frá rekstri nam 465 m.kr. á fyrri helmingi 2019 sem er nokkru hærra en afborganir lána 333,4 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 6% milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Lán frá Íbúðarlánasjóði eru öll jafngreiðslulán og eru að eldast en við það lækka vaxtagjöld en afborganir hækka. Vaxtaþekja hækkaði í 1,76 og skuldaþekja hækkaði í 1,14 þann 30.06.2019 (1,49 og 0,97 30.06.2018) og eru því yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Handbært fé jókst á fyrri helmingi eða úr 15 m.kr. í árslok 2018 í 409 m.kr. 30.06.2019 en félagið greiddi niður yfirdrátt (brúarlán) þegar það tók langtímalán nú á 2. ársfjórðungi 2019.
- Lántökur á fyrri helmingi árs námu alls 3.000 m.kr. frá Lánasjóði sveitarfélaga. Auk þess fékk félagið greidd stofnframlög frá ríki og borg 304 m.kr. Félagið greiddi niður skuld við viðskiptabanka sinn 958 m.kr. (yfirdráttarlán) vegna íbúðakaupa og framkvæmda.
- Félagsbústaðir gengu frá kaupsamningum á 22 íbúðum á fyrri helmingi 2019 en áætlun ársins gerir ráð fyrir aukningu um 125 íbúðir. Íbúðum í eigu félagsins hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum en frá fyrri helmingi 2014 hefur íbúðaeiningum fjölgað um 400. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar.
- Félagsbústaðir hafa gert samninga um stofnframlög fyrir tæplega 1.200 m.kr. þar af 401 m.kr. við Reykjavíkurborg og 799 m.kr. við ríkið. Að auki voru gjaldfærð stofnframlög fyrir 13 m.kr. árið 2017. Veitt stofnframlög nema því samtals 1.187 m.kr. Alls voru gerðir samningar fyrir 176 m.kr. á fyrri helmingi 2019 en hluti stofnframlaga eru ógreidd í lok tímabils.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að styrkja tekjugrunn félagsins sem er forsenda þess að félagið geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar og fjármagnað sig á markaði. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á enn frekari hækkun leigutekna til að tryggja sjálfbærni félagsins. Þess ber að geta að leiguverð á markaði er almennt um 40-65% hærra en hjá Félagsbústöðum.
- Mikilvægt er að félagið rýni viðhaldsþörf til næstu fimm ára og geri áfangaskipta viðhaldsáætlun til að tryggja gæði íbúða félagsins.

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2019 F2	Raun 2018 F2	Breyting	%
Rekstrartekjur	23.502	23.167	335	1,4%
Rekstrargjöld	-9.571	-8.626	-945	11,0%
Afskriftir	-5.728	-4.616	-1.112	24,1%
EBITDA	13.931	14.541	-610	-4,2%
EBIT	8.203	9.926	-1.722	-17,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-5.130	-5.654	525	-9,3%
Tekjuskattur	276	-77	353	-459,5%
Rekstrarniðurstaða	3.349	4.200	-851	-20,3%


Rekstrarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 3.349 m.kr. sem er lækkun um 20,3% milli ára eða um 851 m.kr. Skýring á lægri afkomu er vegna hækkunar á afskriftum og rekstrargjalda um 2.057 m.kr. Rekstrarhagnaður (EBITDA) lækkar um 610 m.kr. milli ára.



Rekstrartekjur hækka um 335 m.kr. eða 1,4% milli ára. Tekjuaukning skýrist einkum af auknum tekjum hjá gagnaveitunni vegna fjölgunar viðskiptavina, auknar tekjur af framkvæmdum í götulýsingu og auknum tekjum af stofngjöldum hjá Veitum. Lækkun á tekjum vegna rafmagnssölu nam 350 m.kr. vegna minni rafmagnssölu á almennum markaði sem endurspeglast í lægri orkukaupum.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2019 F2	Raun 2018 F2	Mism.	%
Veitur	14.790	14.456	334	2,3%
Orka náttúrunnar	7.024	7.300	-275	-3,8%
Önnur starfsemi	1.688	1.412	276	19,6%
	23.502	23.167	335	1,4%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 37,1% af heildartekjum samstæðu OR.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 945 m.kr. milli ára eða 11,0%. Orkukaup lækka um 242 m.kr., fyrst og fremst vegna lækkunar á raforkusölu. Laun og launatengd gjöld hækka um 248 m.kr. sem skýrist af hækkun kjarasamninga og fjölgunar starfsfólks. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 939 m.kr. en helstu skýringar eru aukinn viðhaldskostnaður, aukinn kostnaður í götulýsingu sem endurspeglast í hærri tekjum og vélabilunar. Á árinu 2018 var færð endurgreiðsla vegna fyrirfram greiddra vélakaupa, 216 m.kr. til lækkunar á rekstrarkostnaði.

Gjöld eftir gjaldaflokkum (í mkr)	Raun 2019 F2	Raun 2018 F2	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	2.870	3.112	-242	-7,8%
Laun og launatengd gjöld	3.446	3.197	249	7,8%
Annar rekstrarkostnaður	3.255	2.316	939	40,5%
	9.571	8.625	946	11,0%



Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	%
Fastafjármunir	325.560	313.624	11.936	3,8%
Veltufjármunir án handb.fjár, bundinna innl. og markaðsverðbr.	8.167	8.254	-87	-1,1%
Handbært fé, bundin innl. og markaðsverðbr.	22.024	18.211	3.813	20,9%
Eignir samtals	355.751	340.089	15.662	4,6%
Eigið fé	168.673	160.827	7.846	4,9%
Langtímaskuldir	160.409	152.121	8.288	5,4%
Næsta árs afborganir skammt. skulda	14.769	17.706	-2.937	-16,6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	11.900	9.435	2.465	26,1%
Skuldir samtals	187.078	179.262	7.816	4,4%
Skuldir og eigið fé samtals	355.751	340.089	15.662	4,6%

Heildareignir félagsins eru 356 ma.kr. í lok annars ársfjórðungs 2019 og hafa hækkað um 15,7 ma.kr. á tímabilinu. Á árinu hefur verið fjárfest fyrir 7,9 ma.kr. Afskrift rekstrarfjármuna nam 5,7 ma.kr.

Veltufjármunir nema samtals 30,2 ma.kr. og hækka um 3,7 ma.kr. frá áramótum.


Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga lækkaði sem nemur 589 m.kr. sem einkum má rekja til lækkunar á framvirkum álverðum. Þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er álverð, gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Heildarskuldir félagsins eru 187,1 ma.kr. í lok 2. ársfjórðungs 2019 og hafa hækkað um 7,8 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa hækkað um 8,3 ma.kr. Þar af eru 7,5 ma.kr. skuldabréfaútböð (sjá kafla um Lánshæfismat) og lántaka Gagnaveitu Reykjavíkur 1,1 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 11,0 ma.kr. Gengi krónunnar veiktist á árinu, gengisvísitala í upphafi árs var 174,3 en 185,9 í lok annars ársfjórðungs 2019.

Nettóskuldir eru 134,2 ma.kr. í lok annars ársfjórðungs 2019 og hafa hækkað um 0,5 ma.kr. á árinu.

Sjóðstreymi Sjóðstreymisyfirlit gefur glöggva mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Lengst til vinstri sést handbært fé í upphafi árs 2019 og lengst til hægri í lok annars ársfjórðungs 2019.

Bundnar innistæður og markaðsverðbréf þann 30. júní 2019 voru 7,1 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar 2019

Fjárfesting **Veitna** nam 3,8 ma.kr. á árinu. Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar endurnýjun aðveituæðar frá Deildartungu til Akraness og Borgarness, endurnýjun lagna við Reykjanesbraut og bygging nýrra dælustöðva. Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í heimaæðum og brunahönum ásamt aðveituæð. Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar færslur lagna á ÍR svæðinu, framkvæmdir við tengingar Vogabyggðar og endurnýjun í skólpadælustöð við Naustavog. Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar endurnýjun og nýlagning há- og lágspennustrengja ásamt endurnýjun rofaskápa í dreifistöðvum.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 1,9 ma.kr. Borun vinnsluhola til orkuöflunar ásamt því að uppbygging á öðrum áfanga varmastöðvar hófst á tímabilinu og vænst er til að hún verði tilbúin í ársbyrjun 2020. Meðal annarra verkefna má nefna fjárfestingu í orkuskiptum, vetnisframleiðslu og Hlöðum.

Önnur fjárfesting nam 2,2 ma.kr.. Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og í upplýsingakerfum.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá þremur matsfyrirtækjum, erlendu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch Ratings og íslenska matsfyrirtækinu Reitun.

Lánshæfiseinkunn OR hjá matsfyrirtækinu Reitun er i.AA3 jákvæðar horfur.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings breytti ekki lánshæfiseinkunn OR en við mat í apríl 2019 hélt lánshæfiseinkunn óbreytt, eða BB+ og stöðugar horfur. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingaflokki hjá Fitch.

Lánshæfiseinkunn OR hjá matsfyrirtækinu Moody's er Ba1 og stöðugar horfur, gert er ráð fyrir nýju mati á haustmánuðum 2019. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingarflokki hjá Moody's.

OR hefur sett sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá báðum erlendu matsfyrirtækjunum á næstu árum. Fyrirtæki í fjárfestingaflokki hafa betra aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum og á betri kjörum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir H1 2015-2019:


Orkuveita Reykjavíkur	2015 H1	2016 H1	2017 H1	2018 H1	2019 H1	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	34,0%	38,3%	42,6%	47,3%	47,4%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	4,6%	9,1%	12,6%	5,9%	4,1%	
Veltufjárlutfall	0,8	0,9	1,1	1,1	1,1	≥ 1
Vaxtabekja	5,1	5,6	5,7	4,6	4,6	≥ 3,5
ROCE	5,7%	5,1%	6,4%	6,6%	4,8%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	7,2	6,0	4,7	5,7	5,0	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	14,0%	16,6%	21,2%	17,4%	19,9%	≥ 17%

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum. Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaðinum síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfuramma fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfamamma, vottunaraðlilinn CICERO gaf rammanum dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna „græn“ verkefni, það er verkefni sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þrýstingur hefur verið á fjárfesta að beina fjármagni á þann veg að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Í byrjun febrúar 2019 var fyrsta útboð í flokki OR180255GB, aukið var í flokknum í apríl og í júní. Gefin hafa verið út skuldabréf fyrir samtals 7,5 ma.kr. á tímabilinu.


Á tímabilinu hefur álverð sveiflast á milli 1.745-1.951 USD/tonn. Frá áramótum hefur álverð lækkað um 2,8%. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga lækkaði sem nemur 589 m.kr. á tímabilinu. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls 293 m.kr. en þar á meðal eru álvannarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring

Hækkun vaxta felur í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR náð að festa vexti með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti.




Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá hversu hátt hlutfall tekna hafa verið varðar.



Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá Orku náttúrunnar, en raforkusala er í bandaríkjadöllum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin og tafla sýnir áætlað gjaldeyrisstreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 30.6.2019.

Gjaldeyrisflæði



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborganir lána í erlendri mynt.

	Erlend mynt (í m.kr.)	Raun 2019 F2	Raun 2018 F2	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt		3.470	3.302	168	5,1%
Kostnaður í erlendri mynt		913	711	173	24,3%
Afborganir í erlendri mynt		8.629	4.907	3.722	75,9%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Samstæða OR hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Aðrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tóku gildi 1. janúar 2019 hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðu OR. Búist er við því að þessar breytingar á reikningsskilaaðferðum muni jafnframt endurspeglast í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019 að undanskyldu því að samstæðan flokkar lóðarleigusamninga við sveitarfélög ekki sem leigusamninga í samræmi við IFRS 16 vegna óvissu í túlkun. Þegar niðurstaða um meðhöndlun á lóðarleigu við sveitarfélög í samræmi við IFRS 16 liggur fyrir gæti það leitt til verulegra breytinga á árfum IFRS 16 á ársreikning samstæðunnar.
- Grunnrekstur OR (EBITDA) lækkar á milli ára um 0,6 ma.kr. eða 4,2%. Rekstrarniðurstaða tímabilsins nam 3,3 ma.kr. og lækkaði um 0,9 ma.kr. frá fyrra ári. Helstu skýringar eru að rekstrarútgjöld eru 11% hærri en á síðasta ári og afskriftir eru 24% hærri sem rekja má til aukningar í varanlegum rekstrarfjármunum.
- Eignir OR jukust um 4,6%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 151,3 ma.kr. í árslok 2018 í 155,9 ma.kr. í lok júní 2019. Eiginfjárhlutfall hækkaði frá áramótum úr 47,3% í 47,4%.

- Í lok annars ársfjórðungs 2019 átti OR alls 22,0 ma.kr. í formi handbærs fjár, innistæðna sem bundnar eru til skemur en eins árs og markaðsverðbréfa. Að viðbættu aðgengi að lánalínum sem nam 11,9 ma.kr. hafði OR þannig 33,9 ma.kr. í tryggt lausafé.
- Miðað við sex mánaðauppgjör OR þá eru öll arðgreiðsluskilyrði uppfyllt. Vakin er athygli á að afborgun af langtímalánum nam 11 ma.kr. en handbært fé frá rekstri 13,3 ma.kr.


Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er 59,1% en var 62,8% sama tímabil 2018. OR glímir enn við afborgunarpunga af langtímalánum og áhættu vegna gengis, vaxta og álverðs og því mikilvægt að tryggja að ekki dragi um of úr framlegð rekstrarins.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 91,0 ma.kr en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 85,1 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Ljóst er að OR stendur frammi fyrir miklu útflæði erlends gjaldeyris á næstu árum vegna hraðrar niðurgreiðslu skulda sem er mun meira en þær tekjur sem OR kemur til með að afla í erlendum gjaldmiðlum. Frá árinu 2019 til 2025 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt og nemur áætlað uppsafnað nettó útflæði erlends gjaldeyris yfir það tímabil rúmum 15,3 makr.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðslufláði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag, og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóttast.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun jan-jún 2019	Áætlun jan-jún 2019	Breyting	%	Raun jan-jún 2018	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.547	1.556	-9	-0,6%	1.457	91	6,2%
Rekstrargjöld	-1.289	-1.529	240	-15,7%	-1.294	5	-0,4%
EBITDA	298	73	224	305,9%	202	96	47,5%
EBIT	258	27	231	867,5%	162	96	59,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	21	-7	28	-416,0%	2	19	804,8%
Rekstrarniðurstaða	279	20	259	1291,1%	165	114	69,5%


Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða tímabilsins er nokkuð yfir áætlun eftir fyrri helming ársins sem skýrist að mestu leyti af lægri launakostnaði. Ekki var mikið um stór og kostnaðarþung útköll á fyrri helmingi ársins. Kjarasamningar eru lausir og reiknað með nokkrum viðbótarkostnaði vegna þess á síðari helmingi ársins. Þar að auki er launakostnaður SHS alltaf meiri á seinni hluta árs og því er gert ráð fyrir að áætlanir standist. Aðrir gjaldaliðir eru einnig undir áætlun í lok tímabilsins sem er í takt við það sem tíðkast hjá SHS á miðju rekstrarári. Háar fjármunatekjur felast í gjaldeyrishagnaði vegna gengisbreytinga á evrum sem keyptar voru á sl. ári til þess að greiða nýjar dælbifreiðar sem afhentar verða í árslok eða byrjun næsta árs. Kaupverð samkvæmt samningi um þær er tengt við gengi evru og því munu breytingar á verði jafnast út á móti gjaldeyrishagnaðinum.



Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun jan-jún 2019	Áætlun jan-jún 2019	Breyting	%	Raun jan-jún 2018	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstrar	766	766	0	0,0%	736	30	4,1%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	48	48	0	0,0%	48	0	-0,5%
Tekjur vegna sjúkraflutninga	619	630	-11	-1,8%	582	37	6,4%
Húsaleigutekjur SHS fasteigna	57	57	0	-0,6%	55	2	3,8%
Aðrar sértekjur	49	46	3	6,0%	31	18	56,6%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	9	9	0	0,0%	4	5	127,4%
	1.547	1.556	-9	-0,6%	1.457	91	6,2%


Tekjur vegna sjúkraflutninga eru lægri en gert var ráð fyrir þar sem reiknað var með fjölgun boðana sjúkrafreiða milli ára sem ekki hefur gengið eftir sé litið til fyrri helmings ársins. Hlutfallslega eru tekjur vegna sjúkraflutninga þó hærri en á sama tíma fyrir ári. Hluttur sjúkraflutningatekna af heildartekjum hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2015 þegar nýr samningur um sjúkraflutninga á starfssvæði SHS tók gildi en tekjur SHS af sjúkraflutningum eru nú bæði háðar fjölda flutninga sem og íbúafjölda á svæðinu. Á sama tíma hefur framlag eigenda til rekstrar SHS lækkað úr 58,2% af heildartekjum í 49,5%.



Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun jan-jún 2019	Áætlun jan-jún 2019	Mism.	%	Raun jan-jún 2018	Mism.	%
Launakostnaður	1.051	1.235	-184	-14,9%	1.038	14	1,3%
Námskeið og verkefni	40	46	-7	-14,2%	44	-4	-10,0%
Viðhald og rekstur tækja	28	35	-8	-21,5%	31	-3	-9,9%
Húsnæðiskostnaður	63	75	-13	-16,7%	64	-1	-1,9%
Annar rekstrarkostnaður	68	91	-23	-24,9%	78	-10	-12,9%
Afskriftir	40	47	-7	-14,8%	40	0	0,5%
	1.289	1.529	-240	-15,7%	1.294	-5	-0,4%

Launakostnaður er 81,5% af rekstrarkostnaði SHS. Eins og áður segir er gert ráð fyrir að áætlun ársins standist.





Efnahagur:

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	%
Fasta fjármunir	1.924	1.922	2	0,1%
Veltufjármunir án handb.fjár	394	335	59	15,0%
Handbært fé	624	498	127	20,3%
Eignir samtals	2.942	2.754	188	6,4%
Eigið fé	2.391	2.113	279	11,7%
Langtímaskuldir	213	216	-3	-1,4%
Næsta árs afborganir langt. skulda	12	11	1	6,5%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	326	414	-88	-27,2%
Skuldir samtals	551	642	-91	-16,4%
Skuldir og eigið fé samtals	2.942	2.754	188	6,4%

Staða SHS er traust og eiginfjárlutfall hátt. Langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var til byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut. Stjórn SHS samþykkti fyrir nokkrum árum að slökkvistöðin við Tunguháls yrði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Vonir standa til að vilyrði um lóð fái á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Sótt hefur verið um lóð við Jafnasel í Breiðholti.



Sjóðstreymi:



Fjárfestingar Fjárfestingar á fyrra helmingi ársins voru um 42 m.kr. miðað við um 6 m.kr. á sama tíma 2018. Munar þar mestu um fjárfestingu í nýjum búnaði vegna fjögurra nýrra slökkviliðna sem von er á síðar á þessu ári.

Fjöldi boðana:

Fjöldi boðana vegna **sjúkraflutninga** dróst saman milli ára í fyrsta sinn, þó óverulega. Fjöldi boðana hjá slökkviliðinu sveiflast meira og felast ástæður þess m.a. í mismörgum sinueldum og óveðursútköllum milli ára.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar tímabilið janúar – júní árin 2015-2019:

SHS - samstæða	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Eiginfjárlutfall	64,6%	71,5%	75,5%	79,8%	81,3%
Arðsemi eigin fjár	39,8%	20,0%	49,4%	16,2%	26,4%
Veltufjárlutfall	0,68	1,06	1,84	2,08	2,56
Langtímaskuldir/eigið fé	20,0%	12,8%	10,7%	9,9%	8,9%
Uppgreiðslutími	1	1	0	1	0
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	25,8%	17,2%	33,4%	14,2%	20,8%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	26,1%	17,1%	17,4%	13,9%	19,2%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld skýrast af gengistekjum vegna Evra sem keyptar voru til að mæta kaupsamningi á nýjum bílum sem afhentir verða seinni hluta árs 2019.
- Skuldahlutföll eru mjög viðunandi. Eiginfjárlutfall hefur hækkað verulega undanfarin ár og er nú 81%.
- Í töflunni hér að ofan um kennitölur SHS ber að skoða kennitölur um arðsemi eignfjár, uppgreiðslutíma, veltufé frá rekstri og framlegð í hlutfalli af rekstrartekjum með það í huga að á árinu 2017 voru óreglulegar tekjur félagsins (einskiptis tekjur) 263 m.kr.

SORPA bs


SORPA bs. (mkr)	Raun 2019_06	Áætlun 2019_06	Breyting	%	Raun 2018_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.955	2.200	-245	-11,1%	2.072	-116	-5,6%
Rekstrargjöld	-1.908	-2.006	98	-4,9%	-1.831	-77	4,2%
EBITDA	158	310	-152	-49,0%	337	-179	-53,1%
EBIT	47	194	-147	-75,6%	241	-193	-80,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-26	-31	5	-17,3%	-4	-22	525,3%
Rekstrarniðurstaða	22	163	-142	-86,7%	237	-215	-90,8%

Rekstrarniðurstaða samlagsins fyrir fyrstu 6 mánuði ársins er um 22 milljónir. Magn úrgangs fyrri hluta árs 2019 hefur dregist saman auk þess sem verð fyrir endurvinnsluafurðir (eins og t.d. plast) hefur lækkað. Hluti magnminnkunar er vegna þess að SORPA tekur ekki lengur við úrgangi af suðurlandi en einnig hefur úrgangur almennt minnkað. Tekjur hafa minnkað milli tímabila en einnig útgjöld. Reksturinn hefur þyngst milli tímabila, m.a. vegna hækkandi launakostnaðar vegna samningsbundinna hækkana og vegna almennt hækkandi kostnaðar. Breyting á niðurstöðu rekstrar milli tímabila er því sambland af lækkandi tekjum og hækkandi kostnaði. Vegna magnaukningar undanfarinna ára er hafin stækkun á móttökustöðinni í Gufunesi og er gert ráð fyrir að sú stækkun verði komin í gagnið á sama tíma og ný gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi verður tekin í notkun.

Magn og umferð á endurvinnslustöðunum hefur aukist verulega síðustu ár en heldur dró úr aukningunni á fyrri hluta ársins 2019. Magn jókst um 1% en hafa verður í huga að nokkuð misjafnt er á hvaða tímabili vinnsla garðaúrgangs lendir. Magn um endurvinnslustöðvarnar fyrir hluta árs 2019 var 26.120 tonn en var 25.915 tonn sama tímabil árið 2018. Heimsóknur á sama tíma fjölgaði um 3% eða um 12.337 heimsóknir. Til samanburðar var allur heimilísúrgangur sem safnað var af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu árið 2018 um 32.000 tonn. Endurvinnslustöðvarnar eru misjafnlega í sveit settar er varðar aukið umfang. Stöðin á Dalvegi er sprungin og annar vart núverandi umferð. Stöðin við Jafnasel er komin að þolmörkum. Íbúabyggð hefur færst nær og nær stöðinni á Ananaustum og umkvartanir vegna hávaða hafa aukist. Stöðin á Breiðhelli í Hafnarfirði annar sínu. Stöðin á Sævarhöfða á að vika vegna breytinga á skipulagi og uppbyggingu Ártúnshöfðans og má búast við því að flytja þurfi stöðina innan næstu 1 – 2 ára. Nýbúið er að stækka stöðina í Mosfellsbæ og annar hún umferð nokkuð vel í dag. Starfsleyfi urðunarstaðarinnar í Álfsnesi var endurnýjað á tímabilinu og gildir um urðun til 31. desember 2020. Samkomulag eigenda SORPU bs. frá 2013 kveður á um að loka skuli urðunarstaðnum í Álfsnesi þann 31. desember 2020. Vonir hafa staðið til að samkomulag næðist við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS) um urðunarstað á Suðurlandi en viðræður við SOS skiluðu engum árangri. Ekki er á þessari stundu ljóst hvað tekur við 1. janúar 2021 er þó ljóst að brýnt er að finna lausn á förgunarmálum íbúa á höfuðborgarsvæðinu.


Rekstrartekjur

Tekjur eftir starfsþáttum (í mkr)	Raun 2019_06	Áætlun 2019_06	Mism.	%	Raun 2018_06	Mism.	%
Móttökugjöld	1.471	1.787	-316	-17,7%	1.549	-78	-5,0%
Endurvinnsluafurðir	269	174	95	54,4%	351	-82	-23,5%
Útseld þjónusta/aðrar tekjur	41	42	-1	-2,5%	40	1	2,6%
Endurvinnslustöðvar	629	695	-66	-9,4%	615	14	2,4%
Grenndargámar	28	27	1	2,7%	26	2	8,4%
Nytjamaður	159	168	-8	-5,0%	153	6	4,0%
Vinna milli deilda - eigin not	-643	-694	51	-7,3%	-663	20	-3,0%
	1.955	2.200	-245	-11,1%	2.071	-116	-5,6%




Magnölur	2015	2016	2017	2018	2019	Breyting 2018-2019
Endurvinnslustöðvar	17.538	21.406	24.089	25.915	26.120	1%
Móttökustöð	41.934	46.528	52.251	53.130	47.935	-10%
Álfsnes	73.183	84.881	94.839	108.681	99.461	-8%

Heimsóknir	2015	2016	2017	2018	2019	Breyting 2018-2019
Endurvinnslustöðvar	388.210	409.700	437.531	469.851	482.188	3%
Móttökustöð	19.224	20.598	22.501	24.221	23.187	-4%
Álfsnes	5.132	5.758	6.725	7.613	7.324	-4%



Rekstrargjöld Helsta breytingin frá áætlun er vegna aukins launakostnaðar og aukins annars rekstrarkostnaðar. Móttöku- og urðunarkostnaður lækkar þó vegna minnkandi magns. Rekstur endurvinnslustöðvanna gekk ágætlega á árinu, sértekjur jukust en magn er nokkurn vegin á áætlun. Tekjur umfram gjöld á endurvinnslustöðvunum voru 57,9 milljónir en gjöld umfram tekjur voru 8,9 millj. miðað við sama tímabil árið áður. Rétt er þó að hafa í huga að á hvaða tímabili vinnsla garðaúrgangs lendir getur skipt máli í þeim samanburði.




Gjöld eftir starfsþáttum (í mkr)	Raun 2019_06	Áætlun 2019_06	Mism.	%	Raun 2018_06	Mism.	%
Yfirstjórn / sameiginlegt	103	100	3	2,8%	100	3	3,1%
Þróunar, tækni, fræðsludeild	71	77	-6	-7,8%	76	-5	-6,2%
Móttöku og urðunarkostnaður	1.558	1.630	-72	-4,4%	1.523	35	2,3%
Endurvinnslustöðvar	629	695	-66	-9,4%	615	14	2,4%
Grenndargámar	28	27	1	2,7%	26	2	8,4%
Nytjamarkaður	159	168	-8	-5,0%	153	6	4,0%
Rekstur útleigðs húsnæðis	2	2	-1	-27,6%	1	1	54,8%
Vinna milli deilda - eigin not	-643	-694	51	-7,3%	-663	20	-3,0%
	1.908	2.006	-98	-4,9%	1.831	77	4,2%



Efnahagur

Efnahagur (mkr)	30.6.2019	31.12.2018	Breyting	Breyting
Fastafjármunir	4.790	3.217	1.573	49%
Veltufjármunir án handb.fjár	687	589	97	17%
Handbært fé	328	825	-497	-60%
Eignir samtals	5.805	4.632	1.173	25%
Eigið fé	3.535	3.513	22	1%
Skuldbindingar	369	349	20	6%
Langtímaskuldir	832	188	644	342%
Næsta árs afborganir langt. skulda	136	82	54	66%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	933	500	433	87%
Skuldir samtals	2.270	1.119	1.151	103%
Skuldir og eigið fé samtals	5.805	4.632	1.173	25%

Sjóðstreymi



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 2019

Í móttökustöðinni í Gufunesi var ráðist í breikkun vegar vestan stöðvar auk þess sem hafin var stækkun stöðvarinnar – bæði til að mæta síauknum kröfum um fleiri flokka úrgangs en einnig til að koma fyrir tækjabúnaði sem forvinna mun úrganginn áður en hann fer í gas- og jarðgerðarstöðina í Álfsnesi.

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi hófst bygging gas- og jarðgerðarstöðvar árið 2018 og er sú framkvæmd stærsta fjárfesting SORPU bs. frá upphafi. Verkið er á áætlun og er gert ráð fyrir að stöðin verði gangsett í febrúar árið 2020.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir tímabilið janúar – júní 2015-2019:

Sorpa	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Eiginfjárlutfall	60,8%	66,4%	70,0%	72,0%	60,9%
Arðsemi eigin fjár	30,9%	15,0%	21,3%	18,1%	1,2%
Veltufjárlutfall	2,65	3,28	3,26	2,59	0,95
Langtímaskuldir/eigið fé	23,3%	15,6%	9,5%	7,9%	23,5%
Uppgreiðslutími	1	1	0	0	3
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	19,1%	13,0%	17,5%	16,1%	7,4%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	19,6%	13,4%	17,6%	16,3%	8,1%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Notkun á endurvinnslu- og móttökustöðvum hefur aukist á undanförunum árum og nokkrar stöðvanna anna vart eftirspurn.
- Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi gildir til 31. desember 2020. Samkomulag eigenda SORPU bs. frá 2013 kveður á um að loka skuli urðunarstaðnum í Álfsnesi á þeim tíma. Vonir hafa staðið til að samkomulag næðist við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS) um urðunarstað á Suðurlandi en viðræður við SOS skiluðu engum árangri. Ekki er á þessari stundu ljóst hvað tekur við 1. janúar 2021 er þó ljóst að brýnt er að finna lausn á förgunarmálum íbúa á höfuðborgarsvæðinu.
- Tekjur tímabilsins hafa dregist saman á milli ára um 5,6% en rekstrarútgjöld hafa hinsvegar aukist um 4,2%.


Strætó bs

Strætó bs. (mkr)	Raun 2019_06	Áætlun 2019_06	Breyting	%	Raun 2018_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.264	4.206	58	1,4%	3.989	275	6,9%
Rekstrargjöld	-4.350	-4.295	-54	1,3%	-4.102	-248	6,0%
EBITDA	57	56	1	2,2%	-7	65	-865,1%
EBIT	-85	-89	4	-4,0%	-112	27	-24,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-24	-25	1		-15	-10	68,4%
Rekstrarniðurstaða	-110	-114	4	-3,7%	-127	17	-13,5%

Rekstrarniðurstaða Afkoma tímabilsins er í takt við fjárhagsáætlun.

Afkoman fyrstu sex mánuðu ársins 2019 var neikvæð um 110 m.kr. en gert hafði verið ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 114 m.kr. á tímabilinu en heldur betri en fyrir sama tímabil 2018.

Rekstrartekjur á tímabilinu voru hærri en gert hefði verið ráð fyrir, þar vegur þyngst að aðrar tekjur og fargjaldatekjur eru hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Samningur um þjónustu við landsbyggðastrætó var framlengdur um eitt ár undir lok árs 2018, en við gerð fjárhagsáætlun fyrir 2019 leit út fyrir að svo yrði ekki. Áætlun gerði ráð fyrir að aðrar tekjur yrðu um 45 m.kr. á tímabilinu en útkomuspá gerir ráð fyrir að þær verði um 99 m.kr. á árinu 2019



Fargjaldatekjur eru einnig heldur hærri en gert var ráð fyrir í áætlun fyrir tímabilið, gert er ráð fyrir fargjaldatekjur verði í takt við áætlun ársins.


Ríkisframlagið er lægra en gert var ráð fyrir í áætlun, þar sem það lækkar um 18 m.kr. á milli ára. sem ekki var ljóst fyrr en eftir að fjárhagsáætlun ársins var samþykkt. Framlag ríkisins til Strætó er háð fjárlögum hvers árs.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2019_6	Áætlun 2019_6	Mism.	%	Raun 2018_6	Mism.	%
Fargjöld - strætó	948	931	18	1,9%	870	78	9,0%
Rekstrarframlög eigenda	1.908	1.913	-5	-0,2%	1.762	146	8,3%
Ríkisframlag	444	453	-9	-2,0%	453	-9	-2,0%
Akstursþjónusta - framlag	816	817	-1	-0,1%	767	49	6,4%
Akstursþjónusta - fargjöld	49	49	1	1,4%	45	5	10,5%
Aðrar tekjur	99	45	54	120,3%	93	6	6,0%
	4.264	4.207	58	1,4%	3.989	275	6,9%



Fargjaldatekjur farþega dekkja um 28% af heildarrekstrarkostnaði við Strætó á höfuðborgarsvæðinu sem er heldur hærri en það var eftir sama tímabil 2018.

Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að stefnt skuli á að þetta hlutfall sé um 40%.

Farþegafjöldi Strætó fyrstu sex mánuði 2019 er í takt við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, miðað við sama tímabil 2018 er um 5% fjölgun farþega.




Myndirnar sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda fyrstu sex mánuði 2019 og 2018 og hinsvegar farþegafjölda hvers mánaðar 2019 og 2018.



Rekstrargjöld á tímabilinu eru heldur hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarkostnaður við eigin akstur á höfuðborgarsvæðinu er í takt við áætlun. Kostnaður við akstur verktaka er heldur hærrí en gert var ráð fyrir, sem kemur til vegna hækkunar verðlags umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir 2019. Í þjóðhagsspá frá júní 2018 sem stuðst var við, við gerð fjárhagsáætlunar 2019, var gert ráð fyrir 4,1% lækkun á olíuverði en raunin er að olíuverð hefur hækkað um ríflega 2% fyrstu sex mánuði ársins. Greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- viðhalds-, varahluta- og neyslúvísitölu. Í áætlun fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir um 2,85% hækkun á milli ára. Hækkun á verðlagi fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil 2018 er 6,1%.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2019_6	Áætlun 2019_6	Mism.	%	Raun 2018_6	Mism.	%
Eigin akstur strætó	1.593	1.587	6	0,4%	1.532	61	3,8%
Akstur verktaka - strætó	1.369	1.311	58	4,4%	1.298	71	5,2%
Akskursþjónusta fatlaðra - verktakar	865	865	0	0,0%	811	54	6,2%
Skrifstofu- og stjórnunark.	380	387	-8	-2,0%	356	24	6,2%
Afskriftir	143	145	-2	-1,6%	105	38	26,4%
Samtals	4.349	4.295	54	1,3%	4.102	247	5,7%


Skrifstofu og stjórnunarkostnaður var heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir og vegur nú um 9% af heildarekstrarkostnaði Strætó.



Efnahagur Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.664 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfallið 46%, en var 49% í upphafi árs 2019.

Efnahagur (mkr)	2019_06	2018	Breyting
Fasta fjármunir	2.610	2.859	-249
Veltufjármunir án handb.fjár	704	461	243
Handbært fé	314	299	15
Eignir samtals	3.628	3.619	9
Eigið fé	1.664	1.773	-110
Langtímaskuldir	1.007	998	9
Næsta árs afborganir langt. skulda	18	18	0
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	940	830	110
Skuldir samtals	1.964	1.845	119
Skuldir og eigið fé samtals	3.628	3.619	9

Sjóðstreymi





Eignabreytingar

Á tímabilinu var gengið frá **sölu á húsnæði Strætó að Þönglabakka 4**, söluverðmætið var samtals 100 m.kr. Samhliða því var öll starfsemi Strætó sameinuð undir einu þaki á Hesthálsi 14. Á tímabilinu voru boðin út kaup á amk fimm vetnisvögnum. Strætó tók þátt í verkefni á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“. Niðurstöður útboðsins lágu fyrir 11. apríl sl. Tilboð barst frá einum aðila. Eftir yfirferð og mat á tilboðinu var það niðurstaðan að tilboðið væri ekki að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í útboðsgögnum. Stjórn Strætó samþykkti á fundi sínum 4. júní sl. að hafna fyrirliggjandi tilboði á grundvelli útboðsskilmála. Af heildar vagnaflota Strætó eru um 86 vagnar í daglegri notkun og þar af eru um 28 vagnar 12 ára og eldri og eru því í raun komnir yfir eðlilegan líftíma. Í ljósi framangreindar niðurstöðu útboðsins og stöðu á vagnaflota Strætó hefur stjórn Strætó veitt framkvæmdastjóra heimild til að **kaupa allt að tvo notaða vagna 2019**. Samkvæmt fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 300 m.kr. á ári í nýjum vögnum á næstu fimm árum.

Hæstiréttur hefur **staðfest dóm** Héraðsdóms um, að aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, eigi rétt á skaðabótum vegna missis hagnaðar. Búið er að fá dómskvadda matsmenn til að fara yfir möguleg fjárhæð skaðabóta. Óvíst er hvenær niðurstaða fæst. Færð hefur verið **varúðarfærsla** vegna þessa.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó fyrir tímabilið janúar – júní árin 2015-2019:

Strætó	2015_06	2016_06	2017_06	2018_06	2019_06
Eiginfjárlutfall	65,7%	63,5%	69,3%	47,6%	46%
Arðsemi eigin fjár	-2,0%	-5,0%	11,9%	-13,4%	-12,4%
Veltufjárlutfall	1,65	1,20	1,63	1,08	1,06
Langtímaskuldir/eigið fé	10,3%	4,3%	0,0%	56,0%	60,5%
Uppgreiðslutími	2	2	0	n/a	10
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	2,3%	1,6%	5,6%	-0,2%	1,2%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	2,2%	1,4%	5,2%	-0,2%	1,3%



Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Tap tímabilsins er í samræmi við áætlun.
- Vakin er athygli á dómsmálum á hendur Strætó vegna útboðs á akstri á höfuðborgarsvæðinu árið 2010 en staða þeirra er reifuð hér að ofan í liðnum önnur mál.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2017 áttu Félagbústaðir 2.494 íbúðareiningar. Þar af voru 1.975 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 372 þjónustuíbúðir fyrir aldraða og 147 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaáðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélag s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íprótta- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 61,6% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2018.